

Lög

4
7. maí

um

breyting á póstlögum, nr. 43, 16. nóv. 1907, og lögum nr. 64,
28. nóv. 1919.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Póstlögum, nr. 43, 16. nóvember 1907, skal breytt þannig:

Á eftir c-lið í 5. grein komi nýr liður:

- d. Opium, morfin, cocain og önnur deyfandi efni til útlanda, nema í bögg-
um, þó að eins til þeirra landa, sem veita heimild til þess.

Aftan við 21. gr. komi ný málsgrein:

Sömu hegningu skal sá sæta, sem brýtur á móti ákvæðunum í 5. gr.

2. gr.

Lögum nr. 64, 28. nóvember 1919, skal breytt þannig:

Í stað 4. gr. a. og b. komi:

Burðargjald fyrir póstsendingar þær, sem nefndar eru í 2. gr., er svo
sem nú skal greina:

a. Fyrir laus brjef:

- Almenn brjef, sem borgað er undir fyrirfram með frímerkjum,
ef þau vega 20 grömm eða minna 20 aurar
ef þau vega yfir 20 grömm, að 125 grömmum 40 —
ef þau vega yfir 125 grömm, að 250 grömmum 60 —

Burðargjald undir þyngri brjef er hið sama eins og til útlanda,
sem er:

Fyrir hin fyrstu 20 grömm 40 aurar, og svo 20 aurar fyrir hver
20 grömm, sem þar eru fram yfir.

Spjaldbrjef 15 aurar
Spjaldbrjef með borguðu svari 30 —

Sjeu frímerki eigi viðhöfð eða eigi næg frímerki, skal auk hins
ögreidda burðargjalds taka 20 auru fyrir hverja sendingu, þó aldrei
meira en burðargjaldið tvöfalt.

2. Prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, eða aðeins samanbrotið eða þá opið spjaldblað, sýnishorn af vöru eða sniði, þegar frímerki eru höfð, 10 aurar fyrir hver 50 grömm eða minni þunga.

Ef á póstsendingar þessar er skrifað eitthvað, sem eigi er leyft af póststjórninni, ef umbúðirnar, sem eiga að vera þannig lagaðar, að hægt sje að kanna, hvað í þeim er, eru með öðru móti en hún hefir fyrir lagt, eða ef þyngdin er meiri en heimilt er að senda með póstum, þá fer um borgunina sem fyrir er mælt um almenn brjef, þegar frímerki eru ekki viðhöfð.

3. 30 aurar greiðist enn fremur fyrir ábyrgð hvernna sendingar, sem talin er í 1. og 2.

b. Fyrir peningabrjef:

20 aurar í ábyrgðargjald fyrir hverjar 100 krónur eða minni upphæð, sem tilfærð er utan á brjefinu, þó ekki minna en 60 aurar, og þar að auki burðargjald eins og fyrir almenn brjef.

Sje þess krafist, að talið sje í peningabrjefi á pósthúsinu, þar sem það er afhent, hvort heldur er gjaldgeng mynt eða brjefpeningar, handhafaskuldabryef eða önnur slík brjef, skal borgunin fyrir það vera:

Fyrir 500 kr. upphæð eða minna 20 aurar
og fyrir hverjar 1000 kr. eða minna af því, sem fram yfir er 10 —

Borgun fyrir talning fellur til hlutaðeigandi pósthúss.

Í 4. gr. c. komi í stað „20 aurar“ 50 aurar.

Í stað 4. gr. d. og e. komi:

d. Fyrir póstávísanir:

25 kr. eða minni upphæð 30 aurar
yfir 25 kr., alt að 100 kr. 60 —
og 20 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð af því, sem fram yfir er.

e. Fyrir póströfur

greiðist sama gjald og fyrir póstávísanir, og 20 aurar að auki fyrir hverja sendingu.

Á eftir 4. gr. f. bætist:

- g. Póststjórninni er heimilt að taka aukagjald fyrir flutning á póstsendingum með flugferðum og í flotkistum.

- h. Sje miði látinn fylgja ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum eða böggjum, til kvittunar af hálfu viðtakanda, verður undir hann að borga sem fyrir alment brjef.

Þegar peningabrjef eða böggulsendingar, sem eigi hafa farið úr vörslum póststjórnarinnar, verða sendar aftur frá þeim stað, sem þær áttu að fara til, eða þeim verður komið lengri veg, gjaldast í aukagjald fyrir þann flutning 10 aurar fyrir hverjar 100 kr., ef peningar eru sendir eða

4
7 maí

verðmætir munir, og fyrir böggulsendingar hálfur burðareyrir, eins og hann er ákveðinn í staflið c.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. maí 1921.

4. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, lögum nr. 22, 2. nóvember 1914, lögum nr. 64, 28. nóvember 1919, og lögum nr. 19, 18. maí 1920, inn í meginmál póstlaganna, nr. 43, 16. nóvember 1907, og getur konungur þá gefið nefnd lög út, þannig breytt, sem póstlög.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.).

Pjetur Jónsson